



118. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar miðvikudaginn, 30. mars, 2005, kl. 17:30.

Ágúst Þór Bragason setti fundinn. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Kosningar.

a. Formaður bæjarráðs.

Tillaga kom fram um Ágúst Þór Bragason sem formann bæjarráðs. Samþykkt samhljóða.

b. Varaformaður bæjarráðs.

Ágúst Þór kom með tillögu um Jóhönnu G. Jónasdóttur sem varaformann bæjarráðs. Þórdís Hjálmarsdóttir tilnefndi Valdimar Guðmannsson sem varaformann. Gengið var til kosninga. Samþykkt með tveimur atkvæðum að Jóhanna gegni embætti varaformanns. Valdimar hlaut eitt atkvæði.

2. Atvinnumál.

a. Þjónustuhús í Brautarhvammi.

Bæjarstjóri tjáði að undirbúningsvinna vegna þjónustuhúss stæði yfir en ekki hefur verið unnt að gera drög að verksamningi þar sem verktaki er staddur erlendis.

b. Upplýsingamiðstöð og rekstur tjaldsvæðis í Brautarhvammi.

Bæjarstjóra falið að rita eigendum Glaðheima ehf. bréf vegna reksturs tjaldsvæðis og upplýsingamiðstöðvar sumarið 2005.

3. Umsókn um vínveitingaleyfi.

Holger Clausen sækir um vínveitingaleyfi f.h. Glaðheima ehf. vegna vínveitinga á Hótel Blönduósi, Aðalgötu 6, Blönduósi.

Bæjarráð samþykkir að veita leyfið.

4. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga v. Staðardagskrár 21.

Boðað er til landsráðstefnu um Staðardagskrá 21 í Kópavogi 29. apríl nk. Meginefni ráðstefnunnar verður umfjöllun um endurskoðun á stefnu ríkisins um sjálfbæra þróun. Lagt fram til kynningar.

5. Erindi frá forstöðumanni Löngumýrar í Skagafirði.

Sótt er um styrk vegna hvíldardvalar fyrir krabbameinssjúklinga á Löngumýri. Bæjarráð samþykkir að styrkja verkefnið sem nemur 25 þúsund kr.

6. Fundarboð á hluthafafund/aðalfund Skúlahorns.

Boðað er til hluthafafundar í Skúlahorni ehf. nk. fimmtudag, 31. mars, kl. 16:00 í fundarsal Samstöðu. Fram kemur að verði ársreikningur Skúlahorns tilbúinn til afgreiðslu þennan dag er stefnt á aðalfund, hafi



hluthafar ekki athugasemdir við þá málsmeðferð. Þeir bæjarfulltrúar sem tók hafi á, sæki fundinn.

7. Fundargerð v. afmælisfundar HSB.

Fram lögð til kynningar fundargerð afmælisnefndar HSB frá 14. mars 2005. Auk afmælisnefndar sátu fulltrúar hinna ýmsu samtaka og stofnana fundinn, þ.á.m. bæjarstjóri f.h. sveitarfélagsins.

8. Bréf frá SSNV.

a. Uppsögn á húsaleigusamningi.

Stjórn SSNV segir upp húsaleigusamningi við Blönduósbæ vegna skrifstofu atvinnuráðgjafa að Þverbraut 1.

b. Tilnefning í starfsmenntaráð.

Í erindi SSNV er tilkynnt að Jóna Fanney, bæjarstjóri hefur verið tilnefnd í vinnuhóp á vegum starfsmenntaráðs.

9. Fundarboð um forvarnarmál.

Boðað er til fundar um forvarnarmál, mánudaginn 4. apríl nk. kl. 18:00 í Félagsheimilinu á Blönduósi.

10. Önnur mál voru engin.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl.18:20.

*Ágúst Þór Bragason (sign.)
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)
Þórdís Hjálmarsdóttir (sign.)*

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)